

4. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 10. Mars 1999, kl. 15:00 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Magnús Stephensen, Gunnar Bragason, Ásmundur Reykdal og í síma Jóhannes Pálsson.

Aðalfundur FENÚR

Fjallað um aðalfund FENÚR, sem haldinn verður 12. apríl nk.

Nokkrar hugmyndir komu fram um fundarstað. Formanni var falið að ákvarða fundarstaðinn.

Gestgjafi fundarinnis verður Efnamóttakan hf

Kynnt var uppkast að lagabreytingu, sem lögð verður farm á aðalfundi.

Samþykkt var leggja til að Ögmundur Einarsson verði fundarstjóri aðalfundar.

Fyrsti fundur í ráðgjafastjórn FENÚR.

Lögð fram hugmynd að dagskrá 1. fundar í ráðgjafastjórn FENÚR, sem haldinn verður í framhaldi aðalfundar.

Formaður lagði fram lista yfir starfshópa og óskaði eftir tillögum um leiðtoga í hverjum hópi.

Eftirfarandi aðilar voru tilnefndir:

Hópur um Innsöfnun og flutninga; talsmaður Einar Bjarni Bjarnason, Hreinsunardeild Reykjavíkur. Til vara Ingi Arason, Gámaþjónustunni hf.

Hópur um minnkun úrgangs; talsmaður Ásmundur Reykdal, SORPU. Til vara Gunnar Bragason, Endurvinnslunni hf.

Hópur um meðferð og markaðssetningu lífræns úrgangs; talsmaður Björn H. Halldórsson, Stuðull. Til vara, Ingi Arason, Gámaþjónustunni hf.

Hópur um urðun; talsmaður Hafsteinn Helgason, Línuhönnun. Til vara Magnús Stephensen, SORPU.

Hópur um Brennslu; talsmaður Gísli R. Eiríksson, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Vantar varamann.

Hópur um spilliefni; talsmaður Gunnar Bragason, Endurvinnslunni hf. Vantar varamann.

Hópur um lagaumhverfi; talsmaður Jóhannes Pálsson, Hönnun og ráðgjöf. Vantar varamann.

Samþykkt var að leggja til að Jóhannes Pálsson yrði fundarstjóri fundar ráðgjafastjórnar.

Dagsskrá fundar í ráðgjafastjórn:

Lögð var fram tillaga að dagskrá fundarins og tillaga um frummælendur um stöðu málaflokka.

Tillaga um frummælendur:

Innsöfnun og flutningur; Einar Bjarni Bjarnason, Hreinsunardeild Reykjavíkur *
Minnkun úrgangs, endurnýting og útflutningur, Guðbrandur Sigurðsson/NN, Ú.A. **
Meðferð og markaðssetning lífræns úrgangs, Ingi Arason.
Urðun og brennsla, Lúðvík E. Gústafsson, Hollustuvernd.***
Spilliefni, Stefán Einarsson, Hollustuvernd.***
Lagaumhverfi, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, Umhverfisráðuneyti.

Stjórnarmenn skipta með sér verkum að fá ofantalda aðila sem frummælendur á fundinn.

- *Ingi Arason ræðir við Einar Bj. Bjarnason.
- ** Pétur Bjarnason, ræðir við Guðbrand Sigurðsson, Ú.A.
- *** Magnús Stephensen ræðir við Lúðvík Gústafsson og Stefán Einarsson hjá Hollustuvernd.

Næsti fundur ákveðinn 23. Mars kl. 10:00 þar sem fjallað verður áfram um Aðalfund og fund Ráðgjafastjórnar FENÚR.

Fundi slitið kl. 16:10

Fundarritari: Ásmundur Reykdal.